

4. gr.

Heimilt er sveitarstjórn að veita afslátt eða fella niður gatnagerðargjöld af fasteignum þeirra eigenda, sem náð hafa 67 ára aldri og þeirra sem eiga við langvarandi sjúkdóma eða örorku að stríða.

Verði fasteign, sem afslátt hefur fengið eða niðurfellingu á gatnagerðargjaldi seld, skal sveitarstjórn heimilt að leggja á gjaldið eins og það var þegar álagning fór fram með áorðnum breytingum skv. vísitölu enda sé kvöðinni þinglýst á viðkomandi fasteign.

5. gr.

Gatnagerðargjaldi fylgir lögveð í fasteign þeirri, sem það er lagt á og gengur það ásamt vöxtum, verðtryggingu og dráttarvöxtum fyrir öllum veðkröfum, sem á eigninni hvíla og tekur einnig til váttryggingarfjár hennar. Heimilt er að taka gjöld þessi lögtaki samkvæmt lögum nr. 29/1885.

Hreppsnefnd sker úr um meiriháttar ágreining sem risa kann um álagningu samkvæmt reglugerð þessari.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Borgarfjarðarhrepps, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51/1974 um gatnagerðargjöld sbr. lög nr. 31/1975, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 8. mars 1982.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

Nr. 150.

16. mars 1982.

AUGLÝSING

um staðfestingu á skipulagsupprætti er tekur til Austursvæða í Reykjavík.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19/1964 hefur ráðuneytið hinn 15. mars 1982 staðfest skipulag Austursvæða í Reykjavík en þau takmarkast á þessa leið:

Mynni Elliðaáa (Elliðaárós), vestari kvísl þeirra að mótum Reykjanesbrautar og Bústaðavegar. Síðan Reykjanesbraut og mörk Reykjavíkur og Kópavogs um Selhrygg og Vatnsendahæð að Elliðaám og þaðan áfram austur fyrir Skyggni. Þá tekur við strönd Elliðavatns að mörkum Rauðhólafólkvangs við Bugðu. Síðan fylgja mörkin Bugðu uns hún kemur að Suðurlandsvegi, en þá ræður vegurinn þar til kemur að mörkum Mosfellshrepps vestan við Geitháls. Eftir það ráða mörk Reykjavíkur og Mosfellshrepps allt að ósum Korpúlfsstaðaár (Úlfarsár). Þá tekur við strandlengjan allt að Elliðaárósum og er Geldinganes þar innifalið.

Jafnframt er úr gildi felldur aðalskipulagsuppráttur Reykjavíkur 1962—1983 sem staðfestur var af ráðuneytinu 3. júlí 1967 að því er tekur til ofangreinds svæðis.

Félagsmálaráðuneytið, 16. mars 1982.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.